

Þar sem þessi niðurstaða er fundin, þykir ljóst, að ákærði hafi ekki verið bókhaldsskyldur samkvæmt lögum nr. 53 1911, og ber því að sýkna hann bæði af ákærinni um brot á þeim lögum og 264. gr. almennra hegningarlaga.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að ákærði skuli vera sýkn af öllum kærnum réttvísinnar og valdstjórnarinnar og að allur sakarkostnaður skuli greiðast af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða, cand. jur. Sigurðar Ólasonar, kr. 100.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Hjálmarsson, skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun, kr. 100.00, til skipaðs verjanda ákærða, Sigurðar Ólasonar cand. jur.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 134/1937. Réttvísinn og valdstjórnin

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Stefáni Júlíusi Jónssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Svik.

Dómur hæstaréttar.

Það brot ákærða, að hann lætur aka sér í bifreið, þótt honum sé það fullljóst, að hann getur ekki greitt aksturinn, varðar við 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega ákveðin 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Þar á móti virðast ekki fram komnar í málinu nægilegar sannanir fyrir því, að hann hafi brotið 7. gr. lögreglusamþykktar Reykja-

vikur eða áfengislögin, sem hann er einnig kærður fyrir brot á í máli þessu.

Ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og greiðslu ökugjalds ber að staðfesta. Svo verður og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Það athugast, að afgreiðslustjórinn á Bifreiðastöð Íslands, sem ákærði fékk bifreiðina hjá 19. júní 1936, hefir ekki verið spurður fyrir dómi um það, er þeirra hafi farið á milli.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Júlíus Jónsson, sæti 2 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu saka-kostnaðar í héraði og greiðslu ökugjalds skal vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálaflutningsmannanna Garðar Þorsteinssonar og Stefáns Jóhanns Stefánssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. jan. 1937.

Mál þetta er höfðað af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Júlíusi Jónssyni, Hraungerði í Grindavík, fyrir brot gegn ákvæðum 26. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930 7. gr. og lögum nr. 33 1935.

Með játningu ákærðs og samkvæmt öðru, sem fram hefir komið í rannsókn málsins, eru málavextir sem hér segir:

Kvöldið 19. júní s. l. kom ákærði inn á bifreiðastöð Íslands í Reykjavík og bað um bifreið til þess að fara upp á „bæi“ og spurði í því sambandi, hvað kostaði að láta aka sér upp að Geithálsi. Stöðvarstjórinn spurði ákærðan, hvort hann hefði peninga til þess að greiða ökugjaldið, og jataði ákærði því. Skipaði stöðvarstjórinn þá bifreiðarstjóranum Bjarna M. Einarssyni á R. E. 736 að aka með ákærða. Ók bifreiðarstjórinn með ákærða upp að Baldurshaga og Geithálsi og stanzaði þar lengi og loks upp að Kolviðarhóli, og var hann með ákærða í ca. 5 klst. Þeir komu aftur á bifreiðastöðina kl. 3 aðfaranótt hins 20. júní, og með því að ákærði gat ekki greitt ökugjaldið, kr. 25.00, og hafði í frammí vífilengjur, var hann afhentur lögreglunni í Reykjavík. Þegar lögreglan tók við honum, var hann áberandi ölv-aður. Var hann settur í varðhald um nóttina, en sleppt út daginn eftir, og fékk að hafa með sér kr. 3.30, sem hann hafði haft á sér.

Hinn 9. júlí s. l. hitti ákærði Jón Einarsson, bifreiðarstjóra á bifreiðinni R. 922, á Barónsstignum í Reykjavík. Ákærði var sýnilega undir áhrifum áfengis. Bað hann Jón Einarsson að aka með sig um bæinn og spurði hann jafnframt, hvort hann væri ekki áreiðanlegur maður, því hann (ákærði) væri með svo mikla peninga á sér. Bifreiðarstjórinn virðist eigi hafa rengt ákærðan og tók hann upp í bifreið sína og ók með hann víðsvegar um bæinn, síðan upp að Geithálsi, og komu þeir til Reykjavíkur kl. ca. 2 um nóttina. Kom þá í ljós, að ákærði hafði enga peninga, og afhenti bifreiðarstjórinn hann þá lögreglunni í Reykjavík, sem setti hann í varðhald, en sleppti honum morguninn eftir.

Báðir framangreindir bifreiðarstjórar hafa gert kröfu um, að ákærði verði í máli þessu dæmdur til þess að greiða þeim hin vangoldnu ökugjöld, Bjarni M. Einarsson kr. 25.00 og Jón Einarsson kr. 35.00.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 1. júlí 1887. Hann hefir sætt refsingu fyrir brot gegn hinum almennu hegningarlögum svo sem hér greinir:

1909 $2\frac{1}{2}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir brot gegn 230. og 255. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25 júní 1869.

- 1909 $\frac{5}{10}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1910 $\frac{9}{8}$ Dómur sama réttar, 1 árs betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1912 $\frac{4}{1}$ Dómur sama réttar, 14 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 253. gr., 259. og 250. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1913 $2\frac{7}{8}$ Dómur sama réttar, 10 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 230. sbr. 232., 253. og 255. sbr. 40. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1923 $\frac{9}{2}$ Dómur sama réttar, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir brot gegn 233. gr. 1. mgr. með hliðsjón af 40. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Brot ákærða ber að heimfæra undir 253. gr. eða réttara analogíu hennar (ef nokkur tekur vörur að láni og ætla sér eigi að borga þær) hinna almennu hegningarlaga, ennfremur 7. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. jan. 1930 og lög nr. 33 1935. Við ákvörðun refsingarnar verður annars vegar að lita á það, að ákærði framdi hið sviksamlega atferli undir áhrifum áfengis og að brotin eru fremur smávægileg, en hins vegar, að ákærði hefir margítrekað samskonar brot. Með tilliti til þessa virðist refsing ákærða hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Ennfremur ber að dæma ákærða til þess að greiða Bjarna Mariusi Einarssyni kr. 25.00 og Jóni Einarssyni kr. 35.00, og loks ber honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans fyrir réttinum, Stefáns Jóhanns Stefánssonar hrm., sem ákveðast kr. 50.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Stefán Júlíus Jónsson, sæti 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns fyrir réttinum, Stefáni Jóhanni Stefánssyni hrm. Ennfremur greiði hann Bjarna Mariusi Einarssyni kr.

25.00 og Jóni Einarssyni kr. 35.00, hvorttveggja vangoldið ökugjald.

Dóminum að fullnægja, að því er ídæmdar skaðabætur snertir, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, og að öðru leyti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. maí 1938.

Nr. 138/1937. **Réttvísir** (Jón Ásbjörnsson)
 gegn

Magnúsi Gíslasyni (Eggert Claessen).

Þjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir einungis verið skotið til hæstaréttar að því er tekur til ákærða Magnúsar Gíslasonar.

Með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er ákærða Magnús Gíslason varðar, þá ber að staðfesta dóminn að því leyti.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði, Magnús Gíslason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna